

Ar 1983, miðvikudaginn 2. mars, var í málínu nr. 9/1982
kveðinn upp af Yfirlasteignamatsnefnd svohljóðandi

ú r s k u r ð u r :


Málavextir eru þeir, að með bréfi, dags. 21. júlí 1982,
kærði eigandi fasteignarinnar nr. 31 við Skipholt hér í borg,
Viðsjá - kvikmyndagerð, yfir álagningu fasteignagjalda á þann
hluta nefndrar húseignar, er leigður hefði verið tveimur opinberum
stofnunum til næstu 15 ára, Kvikmyndasafni Íslands og Proskapjálfá-
skóla Íslands. Kæran er í aðalatriðum studd þeim rökum, að samkvæmt
lögum um tekjustofna sveitarfélaga sé skóla- og safnahúsnaði
undanþegið fasteignagjöldum og hafi það verið tekið fram af hálfu
fyrirsvarsmanna ríkisins við gerð leigusamnings.

Með bréfi, dags. 6. október 1982, var ofangreindum skilningi
kæranda mótmælt af hálfu Reykjavíkurborgar.


Samkvæmt 2. mgr. 6. gr. reglugerðar nr. 320/1972 um fasteigna-
skatt njóta skólar og safnahús því aðeins undanþágu frá fasteigna-
skatti, að húsnæðið sé i eigu þess aðila, sem starfssemina annast.
Samkvæmt því verður umrædd kæra ekki tekin til greina.

Ú r s k u r ð a r o r ó :


Ofangreind kæra verður ekki tekin til greina.



Gaukur Jörundsson



Pétur Stefánsson



Guðmundur Magnússon